

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Zink spray 98% zink fyrir ál 400ml		
Vörunúmer:	be148598		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Sínmálning í úðabrusa. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	Fálkinn	Framleiðandi:	Albert Berner Deutschland GmbH
	Dalvegur 10-14		Bernerstrasse 4,
	201 Kópavogur		D-74653 Kuenzelsau, Þýskalandi
Sími:	540 7000		00-49-79401210
Netfang:	falkinn@falkinn.is		info@berner.de
Veffang:	www.falkinn.is		www.berner.de
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðaeftni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Eldf.úðaeftni 1
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.
P280	Notið augnhlífur.
P312	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

Inniheldur: Aseton.

Sprengihætta við upphitun.
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Aseton			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119471330-49	Innihald %	20 - 40
Raðnúmer	606-001-00-8	Varnaðarmerki:	F, Xi
EINECS, ELINECS	200-662-2	H-setningar	H11, H36, H66, H67
CAS	67-64-1	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Augnert. 2 - H319, SEM-VES 3 - H336, Endurtekin snering getur valdið þurri og sprunginni húð EUH066			

Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	5 - 10
Raðnúmer	64742-95-6	Varnaðarmerki:	Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	265-199-0	H-setningar	H10, H20, H36/37/38, H51, H53, H65
CAS	64742-95-6	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Ertandi, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Eit.v.ásvelg.1 - H304, Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, Bráð eit.4 - H332, SEM-VES 3 - H335, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Etýl asetat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	607-022-00-5	Varnaðarmerki:	F, Xi
EINECS, ELINECS	205-500-4	H-setningar	H11, H36, H66, H67
CAS	141-78-6	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Augnert. 2 - H319, SEM-VES 3 - H336, Endurtekin snering getur valdið þurri og sprunginni húð EUH066			

2-metoxý-1-metýletýl asetat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119475791-29	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	607-195-00-7	Varnaðarmerki:	
EINECS, ELINECS	203-603-9	H-setningar	H10
CAS	108-65-6	Flokkun, hættumerking	Eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Augnert. 2 - H319			

Xýlen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119488216-32	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	601-022-00-9	Varnaðarmerki:	Xi, Xn
EINECS, ELINECS	215-535-7	H-setningar	H10, H20/21, H38
CAS	1330-20-7	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Bráð eit. 4 - H312, Bráð eit. 4 - H332, Húðert. 2 - H315			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt

Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn.
Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.

Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. Einkenni: Ertung í öndunarvegi, höfuðverkur, svimi, meðvitundarleysi, skaði á miðtaugakerfi, vímuáhrif, lífrar- og nýrnaskaði, affitun húðar-þurrkur og sprungumyndun, og fleira.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, sínkoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
 Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Gufa er þyngri en loft, forðist lágt liggjandi rými, svo sem kjallara. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Gufa getur legið með gólfi, tryggið einnig loftræstingu þar. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Gólf ætti að vera leysiefnaþolið. Geymið fjarri oxurum. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Aseton	500	1200	1500	3620	WEL
Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt	100	525			WEL
Etýlasetat	200		400		WEL
2-metoxý-1-metýletýlasetat	50	275	100	550	WEL
Xýlen	50	221	100	442	WEL
Bútan	600	1450	750	1810	WEL
Ísóbútan	800	1900			WEL
Própan		1000			WEL
Álduft (allt ryk við innöndun)		10			WEL
Álduft (ryk sem berst í lungu)		4			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr bútýl eða nítrilgúmmíi. (EN374, >=0,7 mm, gegnstreymistími >15 mín). Einnig má nota Viton eða Neoprenhanska.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma leysiefnahelds vinnufatnaðar og öryggisskófataðar. (EN20345).

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A2 P2.

Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:

Vökvi (aerosol)

Lykt:

Einkennandi

Litur:

Silfurlitað

Tendrunarmark:

>250°C

Gufuþrýstingur (20°C):

3600 hPa

Eðlismassi við 20°C:

0,72 g/cm³

Leysanleiki í vatni:

Óleysanlegt

Sprengifimi:

Varan er ekki sprengifim, getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti.

Oxandi eiginleikar:

Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, stöðurafmagn. Sprengihætta við upphitun. Þrýstihylki: Hlífíð við sólarljósi. Hlífíð við hærri hita en 50 °C. Ekki skal gata eða brenna brúsa eftir notkun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfri að íkveikjuöldum.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Aseton					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	3000	mg/kg	mús	
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	5800	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	20000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	32	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Lítilllega ertandi, endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.			
Alvarlegur augnskaði				kanína	Ertandi
Næming, húð eða öndunarfæri				hamstur	Engar vísbendingar
Stökkbreytingar gerla				OECD 476	Neikvætt
Stökkbreytingar gerla				OECD 471	Neikvætt
Krabbamein					Engar vísbendingar
Einkenni		Meðvitundarleysi,, höfuðverkur, meltingartruflanir, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.			

Etýl asetat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	5620	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	>18000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	>28,6	mg/l/4 klst	rotta	
Alvarlegur augnskaði					Ertandi
Næming, húð eða öndunarfæri					Engar vísbendingar
Einkenni		Lystarleysi, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, lækkaður blóðþrýstingur, sjóntruflanir, höfuðverkur, meltingartruflanir,vímuáhrif, sljóleiki, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.			

Xýlen					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	2840	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	21,7	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Veldur ertingu		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Stökkbreytingar gerla		Engar vísbendingar			OECD 471
Einkenni		Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, öndunarerfiðleikar, sviði í nefi og koki, þreyta, erting í slímhúðum, truflanir á hjarta og æðakerfi, vanlíðan, ógleði, uppköst.			

2-metoxý-1-metýletýl asetat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	8532	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	>23,8	mg/l/6 klst	rotta	
Húðæting/erting		Veldur ekki ertingu		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Stökkbreytingar gerla		Engar vísbendingar			OECD 471
Einkenni		Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, andnað, þreyta, erting í slímhúðum, vanlíðan, ógleði, uppköst.			

Ísóbútan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Álduft (óvirkt)					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Húðæting/erting		Veldur ekki ertingu			
Alvarlegur augnskaði		Veldur ekki ertingu			
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur ekki næmingu			
Helstu einkenni	Erting í slímhúðum.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Aseton					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	5540-8300 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	12600-12700 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	7500 mg/l	96 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		91%	28 d		OECD 301 D
Uppsöfnun í lífverum	BCF	0,19			
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	-0,24			
Dreifanleiki í jarðvegi	H (Henry)	0,00012	atm m ³ /mól		Ísogast ekki í jarðveg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Eiturhrif á gerla	EC ₅	1700 mg/l	16 klst	Pseudomonas	
Önnur visteiturhrif	Varan er að einhverju marki rokgjörn. BOD ₅ = 1900 mg/g. COD = 2100 mg/g				

Etýl asetat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	230 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	610 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IC ₅₀	3300 mg/l	48 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		93,9%	28 d		OECD 301 B
Uppsöfnun í lífverum	BCF	30			
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,73			
Dreifanleiki í jarðvegi	H (Henry)	0,00012	atm m ³ /mól		
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Leysanleiki í vatni	80 g/l við 25°C				

Xýlen					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	8,2 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	75,5 mg/l	24 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	10 mg/l		Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot					Brottnar auðveldlega niður
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	>3	BCF	0,6-15	

2-metoxý-1-metýletýl asetat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC ₅₀	>500 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	>1000 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		83%	10 d		OECD 301 F
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,36-0,56			
Dreifanleiki í jarðvegi	Koc	1,7			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Eiturhrif á gerla	EC ₂₀	>1000 mg/l	30 min	seyra	OECD 209
Vatnsleysanleiki				198 g/l 20°C	

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,98			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt




Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,28			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 08 01 11 (úrgangsmálning og -lökk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni) 16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 15 01 04 (málmumbúðir) 15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:		Varúðarmerking
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS	
Hættuflokkur:	2.1	
Pökkunarflokkur:	-	
Hættuundirflokkur:	5F	
Jarðgangaflokkun:	D	
Mengunarhætta:	Já	
IMDG:		
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS	
Hættuflokkur:	2.1	
EmS:	F-D, S-U	
Pökkunarflokkur:	-	
Mengunarhætta:	Já	
IATA:		
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE	
Hættuflokkur:	2.1	
Pökkunarflokkur:	-	

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/11.05.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

ALBERT BERNER DEUTSCHLAND
SICHERHEITSDATENBLATT gemaess Verordnung (EG) No 1907/2006, Annex II
ZINK-ALUSPRAY 400 ML

Útgáfa: 19.01.2011 Útgáfa 0008

Kemur í stað: 29.03.2010 Útgáfa 0007